# GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og -eyðingu í Rangárþingi eystra.**

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var af sveitarstjórn Rangárþings eystra 10. nóvember 2011. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

| | Heimili | Frístundahús | Lögbýli *** | Fyrirtæki |
|---|---|---|---|---|
| Grunngjald kr. * | 14.884 | 10.615 | 6.383 | 13.024 |
| Ílátagjald kr. ** | 18.395 | | | |
| Samtals kr. | 33.279 | 10.615 | 6.383 | 13.024 |

* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af Heilbrigðisnefnd Suðurlands í samræmi við 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, nr. 7/1998.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar 16. desember 2011 og öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 24. janúar 2012.*

**Ísólfur Gylfi Pálmason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2012